

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri versnaði verulega á milli ára og var neikvætt um tæpan 51 ma.kr. samanborið við 10,4 ma.kr. 2014. Þetta skýrist að stærstum hluta með útgreiðslum vegna leiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærðar voru í lok árs 2014 en komu til greiðslu í janúar. Innheimtar tekjur lækkuðu um 8,8 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 364 m.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2015 (m.kr.)

	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	32.877	42.408	34.021
Greidd gjöld	46.113	52.856	53.220
Tekjujöfnuður	-13.236	-10.448	-19.199
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	3.106	4.384	-31.779
Handbært fé frá rekstri	-10.130	-6.064	-50.978
Fjárfestingahreyfingar	-5.146	-3.201	-4.153
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-15.276	-9.265	-55.131
Afborganir lána	-849	-2.034	-3.729
Innanlands	-849	-2.034	3.729
Erlendis	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-16.125	-11.299	-58.860
Lántökur	5.289	-4.111	9.122
Innanlands	5.289	-4.111	9.122
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	-10.836	-15.410	-49.738

Innheimtar tekjur janúarmánaðar námu rúmlega 34 ma.kr. sem er nokkuð lægri fjárhæð en innheimtist í janúar í fyrra, en þá námu tekjurnar 42,4 ma.kr. Skatttekjur og tryggingagjöld námu rétt yfir 32 ma.kr. sem er 15,8% undir tekjuáætlun fjárlaga og samdráttur upp á 17,3% á milli ára. Hafa þarf þann fyrirvara við þessar niðurstöður að uppgjör janúarmánaðar felur yfirleitt ekki í sér miklar vísbendingar um hvernig árið í heild gæti átt eftir að standast áætlun fjárlaga.

Skattar á tekjur og hagnað námu 13,5 ma.kr. sem er 33% minna en í fyrra og jafnframt töluvert undir áætlun mánaðarins. Hafa ber í huga að ekki er tímabært að draga miklar ályktanir af fráviki frá áætlun í einungis þessum fyrsta mánuði ársins. Tekjuskattur einstaklinga nam 11,4 ma.kr., tekjuskattur lögaðila 0,3 ma.kr. og fjármagnstekjuskattur 1,8 ma.kr. Eins og tafla 1.1.1. sýnir er í öllum tilvikum um lægri fjárhæð að ræða en í fyrra. Helstu skýringar þess eru tvær, annars vegar svokölluð eftirstöðvinnheimta og hins vegar síðbúnaðar inngreiðslur skatts af fjármagnstekjum fjórða ársfjórðungs 2014.

Hluti bókfærðra tekna af sköttum er vegna eldri eftirstöðva og getur sá hluti ýmist verið nettó til hækkunar eða lækkunar, eftir því hvort innborganir eða endurgreiðslur vega þyngra. Í janúar í fyrra voru umtalsverðar viðbótartekjur af þessum lið, en í ár voru endurgreiðslur hærri en innborganir.

Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars af launum sem greidd voru 1. janúar sl. jókst um 3% milli ára, en hluti tekjuskatts af því nam 11,5 ma.kr. og dróst saman um 1,3%. Hluti sveitarfélaga jókst hins vegar milli ára um



0,9 ma.kr. eða 7%. Hlutdeild hvors aðila, ríkissjóðs og sveitarfélaga, er breytileg frá einum mánuði til annars og var hlutur ríkissjóðs minni nú en á sama tíma í fyrra.

Gjalddagi staðgreidds fjármagnstekjuskatts vegna fjórða ársfjórðungs 2014 var 20. janúar sl. en eindagi 4. febrúar, og eru tekjur af staðgreiðsluhluta fjármagnstekjuskattsins í janúar 3,6 ma.kr. minni en í fyrra. Hér virðist að einhverju leyti um tilfallandi hliðrun yfir mánaðarmót að ræða. Því þarf að líta á samtölu innheimtu fyrir janúar og febrúar til að greina þróunina í fjármagnstekjuskatti samanborið við fyrra ár. Af öllu framansögðu virðist sem margt hafi lagst á eitt við að skapa óhagstæða niðurstöðu í tekjusköttum janúarmánaðar og ber að túlka hana af varfærni uns gögn um lengra tímabil liggja fyrir.

1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar 2012-2014

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	29.616	38.716	32.015	1,0	30,7	-17,3
Skattar á tekjur og hagnað	12.248	20.223	13.542	8,2	65,1	-33,0
Tekjuskattur einstaklinga	10.450	12.823	11.392	3,8	22,7	-11,2
Tekjuskattur lögaðila	841	2.374	311	113,7	182,4	-86,9
Skattur á fjármagnstekjur	958	5.027	1.839	10,8	424,7	-63,4
Eignarskattar	599	570	631	-68,3	-4,9	10,7
Skattar á vöru og þjónustu	9.881	10.216	9.760	9,7	3,4	-4,5
Virðisaukaskattur	3.973	4.499	3.812	1,7	13,2	-15,3
Vörugjöld af ökutækjum	363	245	324	-11,8	-32,5	32,3
Vörugjöld af bensíni	787	922	1.041	-13,7	17,2	12,9
Skattar á olíu	523	546	533	4,1	4,4	-2,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.392	1.355	1.464	4,9	-2,7	8,1
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	2.843	2.649	2.586	45,8	-6,8	-2,4
Tollar og aðflutningsgjöld	589	516	429	-1,7	-12,5	-16,8
Aðrir skattar	665	844	898	69,4	26,9	6,4
Tryggingagjöld	5.634	6.347	6.756	-7,8	12,7	6,4
Fjárframlög	14	14	43	5,0	3,4	206,6
Aðrar tekjur	3.232	3.615	1.964	59,2	11,9	-45,7
Sala eigna	15	64	-	-	-	-
Tekjur alls	32.877	42.408	34.021	4,7	29,0	-19,8

Tekjur af eignarsköttum námu 0,6 ma.kr. sem er aukning um 10,7% á milli ára. Tekjur af stimpilgjöldum jukust um 4,2% á milli ára og námu 0,2 ma.kr. Erfðafjárskattur nam einnig 0,2 ma.kr. sem er 63,8% meira en í fyrra en hafa ber í huga að þessi liður er talsvert óreglulegur.

Skattar á vöru og þjónustu drógust saman um 4,5% á milli ára og námu þeir samtals 9,8 ma.kr. sem er 2,4% undir áætlun fyrir janúar. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 3,8ma.kr. sem er 20,4% undir áætlun og var samdráttur hans á milli ára 15,3%. Innheimta janúar er vegna veltu á síðasta ári og þess enn nokkuð að bíða að áhrif kerfisbreytingarinnar um sl. áramót komi fram í nýjustu innheimtugögnum. Vörugjöld af ökutækjum námu 0,3 ma.kr. og vörugjöld af bensíni 1,0 ma.kr. en bæði gjöldin eru yfir áætlun í janúar. Olúgjaldið skilaði 0,5 ma.kr. sem er 4,7% minna en áætlað var. Tekjur af bensíngjaldi jukust um 12,9% frá því í fyrra en tekjur af olúgjaldi drógust saman um 2,4% milli ára. Innheimtan er vegna eldsneytissölu undir lok sl. árs og benda gögnin til þess að á árinu 2014 í heild hafi bensínsala dregist saman um nálægt 4% en sala dísilolíu aukist um rúmlega 2%. Þessir skattstofnar endurspeglu aukinn akstur en um leið vaxandi fjölda sparneytnari bifreiða og breytta samsetningu ökutækja eftir orkugjafa. Kolefnisgjaldið nam 0,3 ma.kr. sem er aukning um 12,8% á milli ára.



Áfengisgjaldið skilaði 0,9 ma.kr. sem er 14,8% yfir áætlun og 17,2% aukning frá því í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi drógust saman um 4,1% á milli ára og námu 0,6 ma.kr. Sala áfengis í janúar, mælt í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst um 5,6% á milli ára. Tóbakssala (vindlingar) mánaðarins dróst saman um 2,6% að magninu til milli ára.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 0,4 ma.kr. sem er 9,1% minna en gert hafði verið ráð fyrir og samdráttur um 16,8% á milli ára. Aðrir skattar námu 0,9 ma.kr. í janúar sem er aukning um 6,4% á milli ára. Tekjur af tryggingagjöldum jukust um 6,4% á milli ára og námu samtals 6,8 ma.kr. sem er á áætlun.

Aðrar tekjur en skatttekjur og tryggingagjöld námu 2,0 ma.kr. og þar af skilaði veiðigjaldið 1,0 ma.kr. sem er 6,1% undir áætlun janúarmánaðar. Eins og í fleiri tekjuliðum er rétt að minna á að frávik frá áætlun er ekki jafn marktækt í janúar og þegar um lengra tímabil verður orðið að ræða.

Greidd gjöld námu eins og áður segir 52,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 6,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 14,6% sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	5.140	7.380	7.216	5,6	43,6	-2,2
Almenn opinber þjónusta	4.461	4.671	4.254	12,9	4,7	-8,9
Almannatryggingar og velferðarmál	9.145	11.848	12.349	5,3	29,6	4,2
Heilbrigðismál	10.047	10.826	11.902	8,5	7,8	9,9
Efnahags- og atvinnumál	3.570	4.242	3.778	-1,0	18,8	-10,9
Menntamál	9.053	9.261	8.989	3,4	2,3	-2,9
Menningar, íþróttar og trúmál	1.621	1.576	1.632	1,7	-2,8	3,5
Lög- og réttargæsla	1.741	1.750	1.625	13,6	0,5	-7,2
Önnur útgjöld	1.335	1.301	1.474	24,7	-2,6	13,3
Gjöld alls	46.113	52.856	53.220	6,4	14,6	0,7

Þróun málaflokkanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárákálög að viðbættum fluttum fjárheimildum frá fyrra ári.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	289	317	-8,8
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	817	769	6,2
Utanríkismál	901	1.234	-26,9
Önnur almenn opinber þjónusta	754	940	-19,8
Fjármagnskostnaður	7.216	7.380	-2,2
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	1.493	1.411	5,8
Almenn opinber þjónusta	11.470	12.051	-4,8
Lög- og réttargæsla	1.625	1.750	-7,2
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	594	652	-9,0
Landbúnaðarmál	803	1.175	-31,6
Samgöngumál	1.584	1.585	-0,1
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	356	455	-21,7



Önnur efnahags- og atvinnumál	441	375	17,8
Efnahags- og atvinnumál	3.778	4.242	-10,9
Lyf og lækningavörur	1.430	1.487	-3,9
Heilsugæsla	2.322	2.002	16,0
Sjúkrahúspjónusta	5.527	4.962	11,4
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	2.331	2.029	14,9
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	292	347	-15,6
Heilbrigðismál	11.902	10.826	9,9
Menningarmál	533	561	-5,0
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	1.099	1.015	8,3
Menningar- og félagsmál	1.632	1.576	3,5
Framhaldsskólastig	1.621	1.669	-2,9
Háskólastig	7.079	7.002	1,1
Önnur menntamál	290	589	-50,8
Menntamál	8.989	9.261	-2,9
Örorka og fötlun	2.834	2.696	5,1
Öldrun	4.065	3.803	6,9
Fjölskyldur og börn	3.651	3.423	6,7
Atvinnuleysi	1.073	1.273	-15,7
Vaxtabætur	111	60	85,9
Önnur trygginga- og velferðarmál	616	594	3,9
Almannatryggingar og velferðarmál	12.349	11.848	4,2
Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun	1.002	845	18,7
Fjármagnstekjuskattur	88	69	27,7
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	0	0	-
Annað	384	387	-1,0
Önnur útgjöld	1.474	1.301	13,3
Gjöld alls	53.220	52.856	0,7

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu drógust lítillega saman á milli ára og námu 11,5 ma.kr. Vaxtagjöld ríkissjóðs skýra stærstan hluta af þessari upphæð en þau námu 7,2 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 1,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu tæpum 1 ma.kr. og drógust saman á milli ára. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 1,9 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.

Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 1,6 ma.kr. og drógust lítillega saman á milli ára. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 272 m.kr. í mánuðinum og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 371 m.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 154 m.kr. og annarra lögregluembætta 215 m.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 125 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 122 m.kr og útgjöld sérstaks saksóknara 53 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 3,8 ma.kr. í mánuðinum og drógust saman um tæpar 500 m.kr. á milli ára. Stærstu útgjaldaliðir þessa flokks eru útgjöld vegna samgöngumála sem námu 1,6 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári en útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta. Útgjöld vegna



landbúnaðarmála námu 803 m.kr. og dragast saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 594 m.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 356 m.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 441 m.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 11,9 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára. sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 1,4 ma.kr. sem er svipað og á fyrra ári. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 2,3 ma.kr. samanborið við rétt rúma 2 ma.kr. 2014. Greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu námu 1,1 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 437 m.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 5,5 ma.kr. samanborið við tæpa 5 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 4,4 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 443 m.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 536 m.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 2,3 ma.kr. og jukust um rúmar 300 m.kr. milli ára.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 1,6 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 533 m.kr. og dragast lítillega saman milli ára. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 1,1 ma.kr. þar sem helstu útgjaldaþættir eru Ríkisútvarpið 300 m.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 464 m.kr. Útgjöld til menntamála námu tæpum 10 ma.kr. í mánuðinum og drógust lítillega saman milli ára. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 1,6 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Útgjöld vegna háskólastigs námu 7,1 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Útgjöld Háskóla Íslands námu rúmum 1 ma.kr. í mánuðinum og útgjöld Lánsjóðs íslenskra námsmanna 5,5 ma.kr.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 12,3 ma.kr. í janúar og jukust lítillega milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bótaíðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 2,8 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 4,1 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 3,7 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna Fæðingaorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 1,1 ma.kr. samanborið við 1,3 ma.kr. í fyrra.

Önnur útgjöld námu 1,5 ma.kr. í mánuðinum samanborið við 1,3 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga og eftirlauna námu rúmum 1 ma.kr. og skýra þetta þannig að langstærstu leyti en önnur útgjöld námu 472 m.kr.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 55,1 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 9,3 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánnum ríkissjóðs námu 3,7 ma.kr. en engar erlendar afborganir voru á gjalddaga.

Innlendar lántökur námu 10 ma.kr. en staða ríkisvixla lækkaði um 0,8 ma.kr., og nema því lántökur alls 9,1 ma.kr. Engin erlend lántaka var á tímabilinu.

